

1953 nr. 7 3. febrúar**Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki¹⁾**

¹⁾ Ákvæði í þessum lögum, sem ekki samrýmast l. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (endurútg. sem l. 81/1988), felld brott með 36. gr. l. 50/1981.

■ **1. gr.** [Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.]¹⁾

¹⁾ L. 108/1988, 9. gr.

■ **2. gr.** Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.

□ [Sveitarstjórnir skulu á þeim grunni láta gera skrá yfir þá hunda sem eru í sveitarfélaginu.]¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 28. gr.

■ **3. gr.** [Af hundum búfjáreigenda skal greiða 30 króna skatt árlega. Einnig af minkahundum, dýrhundum og sporhundum, enda hafi verið veitt sérstakt leyfi til slíks hundahalds og þeir hundar hafðir í öruggri gæslu. Af öðrum hundum greiðist 300 króna skattur árlega.

□ [Skatturinn rennur í sveitarsjóð.]¹⁾ ²⁾

¹⁾ L. 108/1988, 10. gr. ²⁾ L. 41/1965, 1. gr.

■ **4. gr.** Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það. . . .¹⁾

¹⁾ L. 75/1982, 10. gr. A.

■ **5. gr.** [Sveitarstjórnir skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.]¹⁾

¹⁾ L. 108/1988, 11. gr.

■ **6. gr.** Heilbrigðismálaráðuneytið setur, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð salla úr sláturfé, svo og annað, er þurfa þykir, til útrýmingar sullaveiki.¹⁾

¹⁾ Rg. 201/1957, sbr. 429/1977 (varnir gegn sullaveiki).

■ **7. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1982, 10. gr. B.

■ **8. gr.** Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.